

Þriðji fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki mánudaginn 16. mars 2026, klukkan 17:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Veronika G. Sigurvinsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verða það mál nr. 8 á dagskrá fundarins.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Samþykkt um stjórn Eyja- og Miklaholtshrepps

Samþykktir um stjórn Eyja- og Miklaholtshrepps lagðar fram til seinni umræðu.

Samþykktir um stjórn Eyja- og Miklaholtshrepps samþykktar samhljóða.

2. Skoðanakönnun um sameiningarkosti

Oddviti leggur til að framkvæmd verði skoðanakönnun um sameiningarmál samhliða sveitarstjórnarkosningum, þann 16. maí n.k.

Markmið skoðanakönnunarinnar er að ná fram afstöðu íbúa til sameiningarmála.

Réttur til þátttöku í skoðanakönnuninni verður sá sami og í sveitarstjórnarkosningum, þ.e. hver íslenskur og norrænn ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri og á lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi. Erlendir ríkisborgarar sem eiga lögheimili í Eyja- og Miklaholtshrepp og átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir kjördag tekið þátt. Ungmennum sem að hafa náð 16 ára aldri og eiga lögheimili í Eyja- og Miklaholtshrepp er heimil þátttaka í skoðanakönnuninni.

Könnunin verður kynnt í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga.

Samþykkt samhljóða.

3. Breiðablik

Undirbúningsvinna vegna framkvæmda á Breiðabliki ræddar.

Oddvita falið að vinna málið áfram.

4. Styrkbeiðni frá Sónarnefnd Fáskrúðarbakkasóknar

Veronika og Guðbjörg víkja af fundi.

Styrkbeiðni frá Sónarnefnd Fáskrúðarbakkasóknar tekin fyrir.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. Erindi frá Snæfellsbæ

Lagt er fram erindi Snæfellsbæjar um að velferðarnefndir sveitarfélaganna á Snæfellsnesi verði lagðar niður og verði sett á laggirnar sameiginleg velferðarnefnd sveitarfélaganna fjögurra, innan vébanda Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið Snæfellsbæjar en þykir eðlilegt að gera kröfu um að eiga fulltrúa í nefndinni.

6. Umsagnarbeiðni – Gistileyfi, Stórikrókur 5

Umsagnarbeiðni frá embætti Sýslumannsins á Vesturlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II í Stóráróki 5.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við rekstrarleyfið með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra umsagnaraðila.

Oddvita falið að svara erindinu.

7. Fundargerð 50. fundar Skipulags- og byggingarnefndar

Fundargerð lögð fram.

Samþykkt samhljóða.

8. Hreppsland – Dalsland F2336004

Skipulagslýsing unnin af skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins lögð fram.

Samþykkt samhljóða.

Oddvita falið að vinna málið áfram.

9. Fundargerð 993. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

10. Fundargerð 994. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

11. Trúnaðarmál

Fundi lokað. Mál fært í trúnaðarbók.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og send í rafræna undirritun.

Fundi slitið kl. 19:00.

Undirritunarsíða

Herdís Þórðardóttir

Veronika G Sigurvinsdóttir

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Pröstur Aðalbjarnarson

Sigurbjörg Ellen Ottesen